

Yfirdómurinn verður því að vera undirdómaranum samdóma um það, að áfrýjandinn hafi með því að ljósta stefnda gjörzt brotlegur gegn 202. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869. Virðist sekt sú, sem hann hefur til unnið, hæfilega metin 6 kr., er renni i landsjóð, og ber áfrýjanda eptir málavöxtum að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum rjettum, er skal ákveðinn 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi þessa máls, Jón Einarsson, á að greiða 6 króna sekt í landjóðs, ella sæta einföldu fangelsi í 2 daga. Svo ber honum og að greiða hinum stefnda, Guðmundi Einarssyni, málskostnað fyrir báðum dómum með 15 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 28/1886

Rjettvisin

gegn

Ásmundi Jónssyni.

Ú r s k u r ð u r:

Áður fullnaðardómur verði lagður á mál þetta, ber hjeradsdómaranum að útvega þær skýrslur, sem nú skal greina.

1. Staðfest eptirrit af sáttargjörð ákærða, Ásmundar Jónssonar, við Tulíníus, dags. 21. júlí 1885, svo og staðfest eptirrit af afsalsbrjefi hins sama til Jóns Vilhjálmssonar, dags. 14. okt. 1885, en beggja þessara skjala er getið í prófunum.

2. Skýrslu Þórarins Tulíníusar, gefna fyrir rjetti, um það, hvort hinn ákærði, Ásmundur Jónsson, hafi á sættafundinum 21. júlí f. á lýst því yfir, að hann gæti ekki borgað með öðru en þeim fiski, sem hann fengi úr sjó, og hvort nefndur Þórarinn Tulíníus hafi þá lofað honum því, að hann skyldi fá salt í reikning við Tulíníusar verzlun til nýárs 1886, og hvort hann hafi fengið það.
3. Skýrslu um, með hverjum hætti það varð, að afsal hins ákærða til Jóns Vilhjálmssonar á meiri hluta eigna hans var gjört ógilt, eða fjell, eins og komizt er að orði í prófunum.
4. Skýrslu um, hvort Tulíníus hafi fengið alla skuld sína borgaða, og hafi það ekki verið, hvort samkomulag hafi komizt á við hann um greiðslu eptirstöðvanna.
5. Skýrslu um, hvort bú hins ákærða ekki mundi hafa brokkið fyrir skuldum, hefði það verið selt á uppboði, og verði það ekki álitid, hvort það mundi hafa selzt svo mikið, að nægt hefði til þess að greiða skuld ákærða til Tulíníusar, og skuld hans til Jóns Vilhjálmssonar, og ógoldið hjúakaup.
6. Skýrslu um, hvernig samkomulag það (accord), sem komst á við skuldheimtumenn hins ákærða, var. Svo ber dómaramum og að útvega aðrar þær skýrslur, sem þær að framan umgetnu kynnu að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Hjeraðsdómaramum ber að útvega framan umgetnar skýrslur svo fljótt sem verða má.
